

## GJALDSKRÁ

### RARIK fyrir heitt vatn – Seyðisfjörður.

#### 1. Sala á heitu vatni.

| Taxti                                | Tegund     | Eining             | Án vsk | Með 11% vsk | Skýring                                 |
|--------------------------------------|------------|--------------------|--------|-------------|---|
| <b>Seyðisfjörður, fjarvarmaveita</b> |            |                    |        |             |   |
| H1                                   | Fastagjald | kr./ár             | 50.936 | 56.539      | Íbúðarhús                               |
|                                      | Vatnsgjald | kr./m <sup>3</sup> | 140,64 | 156,11      |   |
|                                      | Orkugjald  | kr./kWst.          | 12,99  | 14,42       |   |
| H2                                   | Fastagjald | kr./ár             | 50.936 | 56.539      | Annað en íbúðarhús,<br>án niðurgreiðslu |
|                                      | Vatnsgjald | kr./m <sup>3</sup> | 140,64 | 156,11      |   |
|                                      | Orkugjald  | kr./kWst.          | 13,57  | 15,06       |   |
| H23                                  | Fastagjald | kr./ár             | 50.936 | 56.539      | Stórnot/sundlaugar án<br>niðurgreiðslu  |
|                                      | Vatnsgjald | kr./m <sup>3</sup> | 282,65 | 313,74      |   |

Minnsta sölumagn um hemil er 3 l/mín.

#### 2. Niðurgreiðslur og virðisaukaskattur.

##### 2.1 Niðurgreiðslur.

Orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef Orkustofnunar: [www.os.is](http://www.os.is).

##### 2.2 Virðisaukaskattur.

Virðisaukaskattur á húshitun er 11%. Virðisaukaskattur á tengigjöld til húshitunar er 11%, önnur tengigjöld bera 24% vsk.

#### 3. Tengigjöld.

##### 3.1 Tengigjöld í þéttbýli.

Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er 519.746 kr. án vsk.

Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast 134.454 kr. án vsk.

##### 3.2 Takmörkun.

RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

##### 3.3 Aukakostnaður.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en gildandi gjaldskrá segir til um samkvæmt lið 3.1 skal greiða þann áætlaða kostnað sem umfram er.

##### 3.4 Tengigjöld í dreifbýli, frávik og breytingar.

Gjöld fyrir dreifbýli og við fullfrágengnar götur svo og aðrar stærðir heimæða í þéttbýli en um getur að ofan svo og fyrir breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

##### 3.5 Endurtenging.

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði má búast við aftengingu heimæðar. Falli notkun um heimæð niður í að minnsta kosti 1 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta H1 fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu auk endurtengingargjalds 45.679 kr. án vsk. Gjald fyrir lokun veitu þar sem grafa þarf niður á lögn 199.902 kr. án vsk.

##### 3.6 Annað.

Heimæðar eru í eigu RARIK en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

#### 4. Þjónusta.

##### 4.1 Vanskilainnheimta VII100.

Gjald lagt á útsendingu innheimtubrýfs samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009, um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

|     |   |             |         |
|-----|---|-------------|---------|
| 4.2 | <i>Veitulokun VI200.</i>                                |             | Án vsk  |
|     | Gjald fyrir lokun veitu á vinnutíma                     | kr./lokun   | 20.209  |
|     | Gjald fyrir opnun veitu á vinnutíma                     | kr./opnun   | 0       |
|     | Gjald fyrir opnun veitu utan vinnutíma                  | kr./opnun   | 40.411  |
|     | Innheimtugjald vegna vanskila:                          |             |         |
|     | Gjald fyrir lokun veitu þar sem grafa þarf niður á lögn |             | 195.599 |
| 4.3 | <i>Mælaálestrar VP100.</i>                              |             |         |
|     | Reglubundnir álestrar                                   | kr./álestur | 0       |
|     | Aukaálestur starfsmanns veitu                           | kr./álestur | 8.418   |
|     | Aukaálestur, sjálfsálestur notanda                      | kr./álestur | 0       |
| 4.4 | <i>Útkall VP300.</i>                                    |             |         |
|     | Útkall á vinnutíma                                      | kr./útkall  | 20.209  |
|     | Útkall utan vinnutíma                                   | kr./útkall  | 40.411  |
| 4.5 | <i>Seðilgjald.</i>                                      |             |         |
|     | Seðilgjald  | kr./reikn.  | 271     |

## 5. Almennar skýringar.

### 5.1 Innheimtugjald.

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu, lagt á við útsendingu innheimtubrýfs.

### 5.2 Lokunargjald.

Gjöld til greiðslu kostnaðar við að loka og opna fyrir afhendingu á heitu vatni.

### 5.3 Aukaálestrar.

Aukaálestrar skulu að jafnaði fengnir með sjálfsálestri notanda sem komið er til skila gegnum síma, skriflega eða með innslætti á vef RARIK.

### 5.4 Útkall.

Útkall vegna bilunar sem reynist vera í veitu (kerfi) notanda skal hann greiða samkvæmt gjaldskránni.

### 5.5 Greiðslumátagjöld.

Greiðslumáti er samheiti yfir það með hvaða hætti reikningur sem til verður í reikningskerfi er gerður greiðsluhæfur fyrir viðskiptavininn. Dæmi um greiðslumáta: beingreiðsla, boðgreiðsla, bankagreiðsla á greiðsluseðli, greiðsla í heimabanka, rafrænn greiðslumáti o.s.frv.

## 6. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, til að öðlast gildi 1. janúar 2025.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 27. desember 2024.*

F. h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra,

**Stefán Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hreinn Hrafnkelsson.*